



# Áfram Árneshreppur!

Ársskýrsla 2022

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Inngangur .....   | 3  |
| Meginniðurstöður .....  | 3  |
| Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum .....     | 4  |
| Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn .....                      | 5  |
| Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags – stöðumat .....     | 6  |
| Greinargerð til ráðuneyta .....                               | 8  |
| Yfirlit yfir styrkt verkefni .....                            | 12 |
| Baskasetur Íslands.....                                       | 12 |
| Salti síkátí ehf – Reyking á þorski og ýsu.....               | 12 |
| Ferðamálasamtök Árneshrepps – Markaðssetning Árneshrepps..... | 12 |
| Hótel Djúpavík – The Factory .....                            | 12 |
| Oddný Ágústa Hávarðardóttir – Nytjaplöntur í Árneshreppi..... | 12 |
| Urðartindur – Deiliskipulag fyrir heilsárshús .....           | 12 |
| Verzlunarfjelag Árneshrepps – Handverkshorn .....             | 13 |
| Háireki ehf – Smávirkjun í Húsá í Ófeigsfirði .....           | 13 |
| Hilmar Vilberg Gylfason – Það er heim .....                   | 13 |
| Urðartindur ehf – Rafvæðing tjaldstæða .....                  | 13 |
| Guðmundur Pétursson – Báturinn Mjóni.....                     | 13 |
| Arnar Arinbjarnarson – Fjarvinna í Árneshreppi .....          | 13 |
| Sveindís Guðfinnsdóttir – Strandaband .....                   | 13 |
| Tyler Wacker – Heitur pottur á enda hjólaleiðar .....         | 13 |
| Fundir .....  | 14 |
| Hugleiðingar verkefnisstjóra .....                            | 15 |

## Inngangur

Árneshreppur var tekinn inn í verkefnið Brothættar byggðir árið 2018. Haldið var tveggja daga íbúabing 12. og 13. júní 2017 og var þar samþykkt að sveitarfélagið yrði þátttakandi í verkefninu Brothættar byggðir frá og með áramótum 2017/18. Á íbúabinginu voru sett markmið og gerð áætlun um fyrstu skref. Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn hafa unnið eftir þeirri markmiðasetningu i höfuðdráttum en einnig hefur verið brugðist við aðstæðum sem upp hafa komið jafnóðum. Íbúum hefur fækkað jafnt og þétt í Árneshreppi. Íbúafjöldinn varð mestur á stríðsárunum, þá bjuggu á sjötta hundrað í hreppnum. 47 manns voru með lögheimili í hreppnum 1. janúar 2023. Þannig hefur orðið talsverð fjölgun frá síðustu áramótum, en þá voru 42 skráðir með lögheimili í hreppnum. Fjölgun íbúa á árinu er því um 12%.

## Meginniðurstöður

Á íbúafundi um stöðu verkefnisins 2020 var samþykkt veruleg áherslubreyting. Í henni fólst að verkefnisstjórn skyldi einbeita sér að því að styrkja innviði í sveitarfélaginu, samgöngumálum, orkumálum og fjarskiptamálum. Einnig þyrfti að vinna að styrkingu sjávarútvegs og auðvelda nýliðun í landbúnaði. Eftir þessari samþykkt hefur verkefnisstjórn unnið síðan. Innviðauppbýgging í sveitarfélaginu skyldi hafa algjöran forgang. Árið 2022 var talsvert árangursríkt á þessu sviði. Farið var í framkvæmdir við ljósleiðaralagningu með stuðningi Fjarskiptasjóðs og lagningu þriggja fasa rafstrengs í jörðu. Fyrir áramót náðist að leggja ljósleiðara í öll hús í Djúpvavík, á Gjögri, í Trékyllisvík og að Melum í Melavík. Vonir standa til þess að haldið verði áfram með vorinu og klárað að þrífasa rafmagn og tengja ljósleiðara alla leið í Norðurkjörð og út að Krossneslaug og vonandi líka að Munaðarnesi við Ingólfsfjörð.

Tilraunaverkefni með snjósmokstur verður haldið áfram og verður mokað tvisvar í viku yfir Veiðileysuháls og Kjörvogshlíð þegar aðstæður leyfa. Vonir standa til þess að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera en það hefur þó ekki fengist staðfest. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi vetrarþjónustu fyrir íbúa Árneshrepps. Í tengslum við lagningu þriggja fasa strengs þurfti talsvert jarðrask innst í Reykjarfirði. Samkomulag náðist við Vegagerðina um að koma að því verkefni og var vegstæðið fært fjær fjallshlíðinni og út í sjó. Við þetta batnar vegstæðið til muna og snjóflóðahætta snarminnkar.

## Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum

Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Sérstaða verkefnisins er m.a. fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða.

Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.

Undirmerkmíð Brothættra byggða eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Í hverju byggðarlagi er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn skilgreini svohljóðandi loforð til íbúa: „Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu.

Svo sem sjá má á undirmerkmíðunum er lykilatriði að fá fram skoðanir íbúana sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra hagaðila.

## Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis Brothættra byggða sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu Áfram Árneshreppur er staðan vistuð hjá Vestfjarðastofu.

Verkefnisstjórn verkefnisins Áfram Árneshreppur skipuðu árið 2022:

- Arinbjörn Bernharðsson, fulltrúi íbúa, formaður.
- Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssamband Vestfirðinga
- Helga Harðardóttir, Byggðastofnun
- Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps
- Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun
- Kristmundur Kristmundsson, fulltrúi íbúa
- Linda Guðmundsdóttir, fulltrúi íbúa
- Agnes Arnardóttir, Vestfjarðastofu

Verkefnisstjórn hefur stutt vel við störf verkefnisstjóra og hefur samstarfið verið með miklum ágætum. Þar munar mest um opna, hreinskiptna umræðu og gott aðgengi verkefnisstjóra að verkefnisstjórn.

## Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags – stöðumat

Nokkuð hefur verið sveigt frá mörgum þáttum í upphaflegri markmiðasetningu í samræmi við ákvörðun íbúafundar 2020. Það skýrir minni framgang en ella væri í mörgum þeirra mála sem voru á upphaflegu markmiðaaætluninni.

| Meginmarkmið 1 - Traustur landbúnaður og sjávarútvegur |    |     |     |     |      |  |
|--|----|-----|-----|-----|------|--|
| Starfsmarkmið  | 0% | 25% | 50% | 75% | 100% | Skýringar  |
| Nýliðun í landbúnaði                                   |    |     |     |     |      | Tveir bændur hafa hafið sauðfjárbúskap í stað tveggja sem hættu búskap.  |
| Styrking sauðfjárræktar                                |    |     |     |     |      | Í greinargerð til landbúnaðarráðherra er lögð áhersla á nýliðun.   |
| Veiðiheimildir út frá sérstöðu sveitarfélagsins        |    |     |     |     |      | Byggðakvóti fyrir árið 2023 jókst um 100%.   |
| Auka framlegð strandveiða til samfélagsins             |    |     |     |     |      | Vandséð er hvernig hægt er að auka framlegð þeirra strandveiðisjómana sem róa frá Norðurfjarðarhöfn.   |
| Frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eflt              |    |     |     |     |      | Nokkur nýsköpunarverkefni eru í gangi, m.a. húsasmíði, jóga, fjölbreytt afþreying og íþróttaaðstaða. Kjötvinnsla er í startholunum.  |
| Meginmarkmið 2 - Einstakt menningarlandslag og náttúra |    |     |     |     |      |  |
| Starfsmarkmið  | 0% | 25% | 50% | 75% | 100% | Skýringar  |
| Bæta innviði fyrir ferðaþjónustuna                     |    |     |     |     |      | Stofnuð hafa verið Ferðamálasamtök Árneshrepps. Þau fóru í markaðssetningarátak sem heppnaðist vel.  |
| Merking handverks og iðnaðar                           |    |     |     |     |      | Kjötvinnsluverkefni sem er í startholunum hyggst láta hanna logo.  |
| Þróun minjagripa                                       |    |     |     |     |      | Verkefnið hlaut ekki hljómgrunn og hefur lítið verið fylgt eftir.  |
| Efling ferðaþjónustu                                   |    |     |     |     |      | Stofnuð voru Ferðamálasamtök Árneshrepps sem hafa staðið fyrir markaðssetningarátaki og fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa hlotið styrki til nýsköpunar og fjölgunar afþreyingarmöguleika. |
| Endurgera fuglaskoðunar- og útsýnisstað                |    |     |     |     |      | Þetta verkefni hefur ekki náð flugi.   |
| Gera fornar minjar sýnilegri                           |    |     |     |     |      | Efnt var til samstarfs við Minjastofnun um verkefni í Kúvíkum. Skýrsla um það verkefni hefur verið birt á vef sveitarfélagsins.  |
| Merkingar og aðstaða við höfnina í Norðurfirði         |    |     |     |     |      | Styrkur fékkst frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 2021. Hönnunarvinna fór fram 2021—2022. Stefnt er á framkvæmdir sumarið 2023.   |

|                                |  |  |  |  |  |  |
|--------------------------------|--|--|--|--|--|--|
| Hitaveita í Norðurfirði        |  |  |  |  |  | Borholan hefur verið dæluþrófuð og hönnun á hitaveitu liggur fyrir. Næst er að semja við landeigendur, stofna félag og fjármagna framkvæmdina. |
| Umhverfi gámasvæðis verði bætt |  |  |  |  |  | Ný lög um endurvinnslu og förgun sorps taka gildi árið 2023. Vonir standa til þess að í tengslum við það verði gámasvæðið bætt.                |

### Meginmarkmið 3 - Öflugir innviðir

| Starfsmarkmið                            | 0% | 25% | 50% | 75% | 100% | Skýringar  |
|--|----|-----|-----|-----|------|--|
| Hærri fastur afsláttur af fargjöldum     |    |     |     |     |      | Skoska leiðin er komin á, en í greinargerð til innviðaráðherra er lagt til að enn lengra verði gengið.   |
| Bæta samskipti við Vegagerðina           |    |     |     |     |      | Kynningarfundur var haldinn haustið '21. Samskipti hafa batnað og upplýsingaflæði aukist.  |
| Vegagerð yfir Veiðileysuháls             |    |     |     |     |      | Vonir standa til þess að framkvæmdir verði boðnar út haustið 2024.   |
| Bæta vetrarþjónustu á vegum              |    |     |     |     |      | Tilraunaverkefni um vetrarmokstur verður haldið áfram. Vonir standa til þess að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera.   |
| Hefja umræðu um jarðgöng úr Reykjarfirði |    |     |     |     |      | Eftir því sem hillir undir að heilsársvegur verði lagður yfir Veiðileysuháls er brýnna að skipuleggja og undirbúa framkvæmdir á kaflanum frá Djúpavík til Norðurfjarðar. Þetta var tekið fyrir á fundi með Vegagerðinni í nóvember 2021, þá með umræðu um vegagerð yfir Naustvíkurskörð. |
| Samstarf við Orkustofnun um smávirkjanir |    |     |     |     |      | Framkvæmdir eru hafnar við smávirkjun í Ófeigsfirði og líkur eru á annarri í Reykjarfirði.   |
| Skólastarfi í Finnbogastaðaskóla         |    |     |     |     |      | Lítill starfsemi hefur verið í skólabyggingunni en hún leigð út til að svara brýnni húsnæðisþörf.  |
| Betri og jafnari þjónusta læknis         |    |     |     |     |      | Rætt var við Heilbrigðisstofnun Vesturlands sem óskaði eftir skýrari beiðni, hvað væri verið að biðja um.  |
| Fjarþjónusta á sviði heilsugæslu         |    |     |     |     |      | Rætt við Heilbrigðisstofnun Vesturlands.   |
| Lagning ljósleiðara                      |    |     |     |     |      | Ljósleiðari lagður með styrk úr Fjarskiptasjóði að Melum. Verður vonandi lagður áfram í Norðurfjörð og að Krossneslaug vorið 2023.   |
| Verslun í Norðurfirði                    |    |     |     |     |      | Verslunarfjelag Árneshrepps stofnað 2019. Verslun rekin í Norðurfirði og gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki.   |

### Meginmarkmið 4 - Samheldið samfélag

| Starfsmarkmið                                       | 0% | 25% | 50% | 75% | 100% | Skýringar   |
|---|----|-----|-----|-----|------|---|
| Plastpokalaus Árneshreppur                          |    |     |     |     |      | Fyrirtæki í Árneshreppi eru hætt að nota plastpoka.   |
| Hreinsun fjara                                      |    |     |     |     |      | Átak í hreinsun fjara við Finnbogastaði 2019. Einkaaðilar hafa líka tekið þetta verkefni upp með aðstoð sjálfboðaliðasamtaka. Eilífðarverkefni. |
| Fræðslu- eða tómsundanámskeið                       |    |     |     |     |      | Erfitt að koma í kring vegna fólksfæðar. Væri hægt að skoða rafrænt.  |
| Húsnæðisþörf verði metin                            |    |     |     |     |      | Verið að hanna vef til að bóka það húsnæði sem er í boði fyrir stafræna flakkara eða störf án staðsetningar.                                    |
| Kanna möguleika á aðkomu gesta/ferðafólks að göngum |    |     |     |     |      | Lítill áhugi hjá bændum, talið að óvanir þurfi það mikla verkstjórn að ekki svari kostnaði.   |

## Greinargerð til ráðuneyta

Í apríl 2021 var send greinargerð til forsætisráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis þar sem dregnir voru fram þeir þættir sem íbúar og verkefnisstjórn töldu brýnast að hlytu úrlausn til að tryggja grundvöll áframhaldandi farsællar búsetu og mannlífs í Árneshreppi.

Í henni var sett upp eftirfarandi tafla með ósk um tímasettar aðgerðir.



|                            | < 3<br>mán.                                  | < 1 ár<br>2021             | < 2 ár<br>2022                          | < 3 ár<br>2023                     | < 4 ár<br>2024                                  | < 5 ár<br>2025  |
|----------------------------|--|----------------------------|---|------------------------------------|---|---|
| Bættar samgöngur allt árið | F-regla                                      | Samgönguáætlun             | Undirbúningur vegar yfir Veiðileysuháls | Vegagerð yfir Veiðileysuháls flýtt | Heilsársvegur í Norðurfjörð skv. samgönguáætlun | Tryggð veruleg niðurgreiðsla, 75%, á fargjöldum og frakt desember-mars. |
| Fjarskipti                 | Ljósleiðari á alla bæi                       | GSM og öryggisfj.          |   |                                    |   |   |
| Rafmagn                    | OV-þrífösun um alla sveit                    | Hagkvæmni smávirkjana ath. |   |                                    |   |   |
| Umhverfis<br>mál           | Kortleggja mögulegar aðgerðir tengdar friðun |                            |   |                                    |   |   |
| Stjórn-<br>sýsla           | Ath. sameiningu                              |                            |   |                                    |   |   |
| Land-<br>búnaður           | Sérheimild                                   |                            |   |                                    |   |   |
| Sjávar-<br>útvegur         | Sérheimildir í sjávarútvegi                  |                            |   |                                    |   |   |

## Tillögum um aðgerðir er lýst nánar í eftirfarandi töflu.

Athugasemdir eftir árið 2022 eru skáletraðar.

### 1. Bættar samgöngur allt árið

- **< 3 mánuðir:** Vetrarþjónusta verði færð strax úr G-flokki í F-flokk þjónustu Vegagerðarinnar og mokað tvisvar í viku, að teknu tilliti til ofanflóðahættu og öryggis starfsmanna og vegfarenda. *Samþykkt var tilraunaverkefni sem fólst í því að moka tvisvar í viku þegar veður leyfði. Þannig var haldið opnu allan veturinn 2021-22 og áframhald verður á þessu 2022-23. Vonir standa til þess að þetta verkefni sé komið til að vera, enda hefur kostnaður verið minni en áætlað var.*
- **< 1 ár:** Gerð verði heildstæð samgönguáætlun fyrir Árneshrepp sem gildir alla daga ársins. Farið verði í valkostagreiningu og forhönnun á vega og samgöngubótum frá Reykjarfirði í Norðurfjörð. M.a. verði skoðaðir eftirfarandi kostir: jarðgöng Reykjarfjörður-Árnesdalur, vegur yfir Naustvíkurskörð, vegur um Kjörvogshlíð, ferja Djúpavík-Gjögur yfir veturinn þar til varanlegar vegabætur norður úr Reykjarfirði nást. *Þessar hugmyndir voru ræddar á fundi með Vegagerðinni í nóvember 2021.*
- **1-5 ár:** Vegagerð yfir Veiðileysuháls verði flýtt frá því sem gert er ráð fyrir í núverandi samgönguáætlun og verkefninu lokið í síðasta lagi á árinu 2023. Afar mikilvægt að lokið verði við allan undirbúning verksins á árunum 2021 og 2022. Tryggðar verði bættar heilsársamgöngur alla leið í Norðurfjörð í samræmi við niðurstöður valkostagreiningar. forhönnunar. *Gerð heilsársvegur yfir Veiðileysuháls á að hefjast skv samgönguáætlun árið 2025. Undirbúningsvinnu er að mestu lokið og hægt væri að fara í útboð ári fyrr en áætlað er vilji er til þess.*
- **0-5 ár:** Tryggð verði veruleg niðurgreiðsla, 75%, fyrir öll flugfargjöld og frakt með flugi til Gjögurs á tímabilinu desember-mars þar til bættar samgöngur á landi (og sjó) hafa rofið vetrareinangrun byggðarlagsins. Flugferðum verði fjölgað til að íbúar verði jafnsettir miðað við þá sem búa við heilsársamgöngur.

### 2. Fjarskiptamál og ljósleiðaravæðing

- **< 1 ár:** Lagður verði ljósleiðari á alla bæi í Árneshreppi og þannig settur punktur við núverandi áfanga í verkefninu Ísland ljóstengt um tengingar í öllu dreifbýli á Íslandi. *Um áramótin 2022/23 hefur verið lagður ljósleiðari yfir Trékyllisheiði, út Reykjarfjörð og yfir Naustvíkurskörð í Trékyllisvík. Þaðan í Gjögur og norður að Melum. Stefnt er að því að halda áfram vorið 2023 og leggja ljósleiðara í Norðurfjörð að Krossneslaug og í Munaðarnes.*
- **< 1 ár:** Símasambandi og öryggisfjarskiptum til sjós og lands verði komið í varanlegra horf þannig að ekki þurfi að stóla á framlög sveitarfélagsins til þessa málaflokks.

### 3. Þrífösun rafmagns/Raforkumál

- **< 2 ár:** Orkubúi Vestfjarða verði gert kleift og skylt að leggja þrífasa streng í Norðurfjörð og um þann hluta Árneshrepps sem er í byggð. *Um áramótin 2022/23 hefur verið lagður þriggja fasa rafstrengur yfir Trékyllisheiði í Djúpavík, út Reykjarfjörð og yfir Naustvíkurskörð í Trékyllisvík. Þaðan í Gjögur og að Melum. Stefnt er að því að halda áfram vorið 2023 og þrífasa Norðurfjörð að Krossneslaug og í Munaðarnes.*
- **< 2 ár:** Gerð verði hagkvæmnisathugun á smávirkjanakostum og metið með hvaða hætti slíkar framkvæmdir geti nýst til að tryggja orkuöryggi og nægt framboð grænnar raforku í byggðarlaginu. Horfa mætti einnig til beislunar vindorku í þessu samhengi. *Unnið er að smávirkjun í Ófeigsfirði. Verið er að kanna möguleika á smávirkjun í Reykjarfirði.*

#### 4. Umhverfismál

- **< 3 ár:** Árneshreppur, í samstarfi við umhverfisráðuneyti, kortleggi mögulegar aðgerðir tengdar vernd, friðun eða varðveislu, sem væru líklegar til að skila samfélaginu í Árneshreppi ávinningi til skemmri og lengri tíma og styðja þannig við búsetu í byggðarlaginu.

#### 5. Sveitarfélagaskipan og stjórnýsla

- **< 0-1 ár:** Ráðuneyti sveitarstjórnar- og samgöngumála og sveitarstjórn Árneshrepps hefji samtali um styrkleika, veikleika, tækifæri og ógnanir samfara mögulegri sameiningu. Í framhaldi af því verði unnið að valkostagreiningu í samstarfi við möguleg sameiningarsveitarfélög. Í þessari vinnu verði tekið sérstakt tillit til stöðu byggðarlagsins í samgöngumálum og nauðsyn þess að rödd heimamanna verði skýr og hafi ótvíræð áhrif í sameinuðu sveitarfélagi komi til sameiningar á næstu árum. Horfa má til tilraunar um heimastjórnir í hinu nýja Múlaþingi í þessu samhengi. Eins má vísa til ákvæða 9. gr. frumvarps til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), mál 378, 151 löggjafarþing.<sup>1</sup>

#### 6. Landbúnaður

- **< 3 mán:** Stjórnvöld liðki til fyrir nýliðun bænda í Árneshreppi með tvennum hætti.
  - 1) Lagt er til að stjórnvöld virki ákvæði í samkomulagi um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, 2. gr. 3 tölulið<sup>2</sup>. Þar kemur fram að veita megi ákveðnum hópum framleiðenda forgang á kaupum á því greiðslumarki sem boðið er til sölu hverju sinni. Lagt er til að þetta ákvæði gildi um þá aðila sem hyggjast hefja búskap með sauðfé í Árneshreppi og gildi til loka árs 2025.
  - 2) Lagt er til að undanþága verði veitt vegna aldurstengdra viðmiða á nýliðunarstyrkjum skv. reglugerð um almennan stuðning við landbúnað, 16. grein<sup>3</sup>. Lagt er til að ákvæði um slíka undanþágu gildi til loka árs 2025. *Tvenn hjón hafa nýlega hafið sauðfjárbúskap í Árneshreppi, en eru bæði komin yfir þessi aldursmörk sem tilgreind eru. Það myndi styrkja þau mikið að geta sótt um slíka nýliðunarstyrki.*

#### 7. Sjávarútvegur

- **< 1 ár:** Að stjórnvöld bregðist við með því að almennur byggðakvóti verði aukinn þannig að hver bátur geti gert ráð fyrir því að fá u.þ.b. 5 tonn hver í sinn hlut. Gera má ráð fyrir að 5-7 bátar sækji um úthlutun byggðakvóta og næmi þá heildaraukningin um 10-15 tonnum frá því sem nú er. Lagt er til að auknar aflaheimildir fyrir úthlutun í byggðalaginu verði boðnar fram við næstu úthlutun 1. sept. 2021. *Byggðakvóti í Árneshreppi var tvöfaldaður í ársbyrjun 2023.*
- **< 2 ár:** Lagt er til að tímabil strandveiða báta sem eru skráðir í Árneshreppi verði lengt í fimm mánuði, þ.e. út september.
- **< 2 ár:** Lagt er til að Byggðastofnun fái heimild til að gera samning um sértækt aflamark sem sé undanþegið vinnsluskyldu aflans í byggðalaginu. Í samningnum verði ákvæði um heilsársbúsetu samningsaðila í Árneshreppi. Með þessu móti er skotið stoðum undir heilsársatvinnu íbúa.

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/altext/151/s/0470.html%E2%80%8B>

<sup>2</sup> Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 19. feb. 2016.

<sup>3</sup> Reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018. IV kafli.

## Yfirlit yfir styrkt verkefni

Alls bárust 15 umsóknir um styrki. Fjórtán þeirra hlutu styrkvilyrði úr Frumkvæðissjóði. Alls var úthlutað 7.000.000 kr. Af þessum 14 afþökkuðu þrír styrkhafar styrkinn og bætist sú upphæð við styrkveitingu 2023.



### Baskasetur Íslands

Verkefnið hlaut 1.000.000 kr. styrk til hönnunar og kaupa á gluggum, mannopum, múrviðgerðarefnum og útihurðum á tank sem á að nota fyrir fyrirhugaða Baskasýningu.

### Salti síkátí ehf – Reyking á þorski og ýsu

Verkefnið hlaut 400.000 kr. styrk til að koma upp aðstöðu til að reykja matvæli. Styrkþegar hyggjast bjóða öðrum íbúum að nýta aðstöðuna utan þess tíma sem verið er að reykja þorsk og ýsu.

### Ferðamálasamtök Árneshrepps –

#### Markaðssetning Árneshrepps

Verkefnið hlaut 600.000 kr. styrk til að kynna og markaðssetja Árneshrepp.

### Hótel Djúpvík – The Factory

Verkefnið hlaut 250.000 kr. styrk til uppsetningar á myndlistarsýningu. Verkefninu er lokið, heppnaðist mjög vel og styrkurinn er að fullu greiddur.



### Oddný Ágústa Hávarðardóttir – Nytjaplöntur í Árneshreppi

Verkefnið hlaut 200.000 kr. styrk til tilraunaræktunar á nytjaplöntum í Árneshreppi, m.a. burnirót og hampi. Styrkþegar seldu síðan jörðina og afþökkuðu því styrkinn.

### Urðartindur – Deiliskipulag fyrir heilsárshús

Verkefnið hlaut 600.000 kr. styrk til að vinna deiliskipulag fyrir heilsárshús í Norðurfirði og greiða með því götu þeirra sem vilja flytjast í sveitarfélagið.



### Verzlunarfjelag Árneshrepps – Handverkshorn

Verkefnið fékk 300.000 kr. styrk til að gera Verzlunarfjelaðið meira aðlaðandi í anda handverks og kaffihúsamenningar.

### Háireki ehf – Smávirkjun í Húsá í Ófeigsfirði

Verkefnið hlaut 700.000 kr. styrk til efniskaupa og uppsteypu á stöðvarhúsi vegna smávirkjunar. Rafmagnið verður m.a. nýtt til hreinsunar á æðardúni.

### Hilmar Vilberg Gylfason – Það er heim

Verkefnið hlaut 150.000 kr. styrk til að hanna logo fyrir lagið Víkursveit – það er heim. Styrkveitingin var síðan afþökkuð og bætist styrkuppþæðin því við úthlutun vegna ársins 2023.

### Urðartindur ehf – Rafvæðing tjaldstæða

Verkefnið hlaut 200.00 kr. framhaldsstyrk til að rafvæða tjaldstæði í Norðurfirði og bæta með því aðstöðu fyrir ferðamenn.

### Guðmundur Pétursson – Báturinn Mjóni

Verkefnið fékk 300.000 kr. frumkvæðisstyrk til að hýsa menningararf sem felst í bátnum Mjóna, sem hefur verið gerður upp.



### Arnar Arinbjarnarson – Fjarvinna í Árneshreppi

Verkefnið hlaut 400.000 kr. styrk til að greina möguleika á fjarvinnslustöð í Árneshreppi og þarfagreiningu í tengslum við hana.

### Sveindís Guðfinnsdóttir – Strandaband

Umsækjandi hlaut 1.650.000 kr. styrk til að koma sér upp vélum og tækjum til að vinna þrjónaband úr hráull af svæðinu. Styrkþegar seldu síðan jörðina sína og afþökkuðu styrkinn.

### Tyler Wacker – Heitur pottur á enda hjólaleiðar

Verkefnið hlaut 250.000 kr. styrk til að hanna hjólaleið yfir Trékyllisheiði.

## Fundir

Verkefnisstjórn hélt 7 fundi á árinu, 10. janúar, 16. febrúar, 3. mars, 31. maí, 23. júní, 9. nóvember og 6. desember. Auk þess fundaði undirbúningshópur vegna styrkveitinga Áfram Árneshrepps 28. febrúar, en formleg úthlutun fór fram í Árneshreppi.

Íbúafundur var haldinn í félagsheimilinu í Trékyllisvík 23. júní. Nokkuð góð þátttaka var á honum, en um 28 manns mættu á fundinn.

Haldnir voru fundir „næstu kynslóðar“ með ungu fólki með tengsl við Árneshrepp í fjarfundum 10. febrúar, 7. júní og 4. ágúst og „spjallfundur með bjórívafi“ í Trékyllisvík 26. ágúst. Góð þátttaka var á þeim viðburði og almenn ánægja.

Auk þessara funda hafa verið haldnir mánaðarlegir fjarfundir með öðrum verkefnisstjórum Brothættra byggða um land allt. Þeir hittust síðan allir á ráðstefnu í Hveragerði í lok nóvember.

Verkefnisstjóri tók þátt í undirbúningi forsýningar á kvikmyndinni Svar við bréfi Helgu, en hún var tekin að mestu leyti í Árneshreppi. Myndin var sýnd í félagsheimilinu í Trékyllisvík 27. ágúst við mjög góðar undirtektir og var bókstaflega troðið út úr dyrum.

## Hugleiðingar verkefnisstjóra

Almennt séð held ég megji segja að verkefnið hafi heppnast vel. Nokkur stór verkefni hafa komist af stað eða eru í startholunum. Þannig má reikna með að ýmis verkefni verði ekki að veruleika eða verði ekki lokið fyrir en eftir að verkefnistímanum lýkur.

Ég tel að verkefnið hafi almennt verið litið jákvæðum augum af íbúum Árneshrepps, allavega þegar á verkefnið leið og fólk fór að sjá árangurinn í verki.

Ferðaþjónusta í Árneshreppi hefur verið að aukast og getur aukist enn með fjölgun gistirýma og afþreyingarmöguleika. Afþreyingarmöguleikum fer fjölgandi og þjónustustig hækkar. Nú er áriðandi að styðja vel við atvinnuuppbyggingu og hvers kyns verðmætaaukningu í hreppnum. Komið hafa fram ágætar hugmyndir um að gera átak í að kynna Árneshrepp betur sem hreint og sjúkdómalaust sauðfjárhérað, jafnvel gera samninga við eitt eða tvö hágæða veitingahús í Reykjavík eða erlendis um að nýta kjöt úr hreppnum með þessum formerkjum.

Nokkrir nýbúar hafa kosið að dvelja allt árið í Árneshreppi. Helst eru það fólk sem stundar fjarvinnu, og stundar jafnvel vinnu í öðrum löndum frá Árneshreppi. Möguleikar eru á því að nýta húsnæði sem stendur autt fyrir slíka stafræna flakkara og aðra sem geta unnið störf óháð staðsetningu. Í þessu er fólgin fljótlegasta leiðin til að snúa fólksfækkun við. Fólk sem hefur valið slík störf hefur verið boðið velkomið og því standa til boða ýmis störf, t.d. aðstoð við búskap og umönnunarstörf. Til að þetta geti blómstrað þarf að tryggja hnökralaus netsamskipti með ljósleiðara um allan hrepp.

Um verkefnið Brothættar byggðir almennt: Til að verkefnið fái aukið vægi þarf það að byggðarlag sé tekið inn í Brothættar byggðir að fá einhverskonar stjórnsýslulegan status þvert á ráðuneyti. Þannig mætti hugsa sér að ef tvö verkefni væru lögð að jöfnu hefði það verkefni forgang sem væri í Brothættum byggðum.

Hólmavík, 10. mars 2023

Skúli Gautason, verkefnisstjóri